



mánudagur, 5. febrúar 2018

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Tilvísun í mál R17100091 þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagssvið um neðangreinda fyrirspurn borgaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um útfærslu skipulags á Ártúnshöfða.

BORGARRÁÐ 5.10.17: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um útfærslu skipulags á Ártúnshöfða - R17100091

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um hvernig borgaryfirvöld standa að vinnu við útfærslu skipulagsins á Ártúnshöfða. Hvað hefur verið gert, hvaða fundir hafa verið haldnir og hvernig stendur til að fara í áframhaldandi vinnu. Hvernig hefur samskiptum við eigendur húsa á svæðinu verið háttað?

Umsögn:

Undirbúningur skipulags í og við Elliðaárvog, Ártúnshöfða byggist á stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030.

Þann 11.1.2017 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð fyrir sitt leiti tillög að rammaskipulagi fyrir Elliðaárvog- Ártúnshöfða og fól embætti skipulagsfulltrúa að hefja undirbúning að gerð deiliskipulags fyrir svæðið í samvinnu við hagsmunaaðila. Að því verkefni vann þverfaglegt teymi í framhaldi af hugmyndasamkeppni sem haldin var 2014-2015. Vinninghafar samkeppninnar voru: Arkís arkitektar, Landslag og Verkís og eru þeir jafnframt höfundar að rammaskipulagi svæðisins. Samkvæmt tillögu að rammaskipulagi er svæðinu öllu skipt upp í nokkur deiliskipulagssvæði.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 13. desember 2017 voru svo lagðar fram og samþykktar þrjár skipulagslýsingar dags. 6. desember 2017 um gerð deiliskipulags fyrir Elliðaárvog/ Ártúnshöfða. Svæðið er um það bil 130 ha að stærð. Lýsingarnar voru samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og stóð kynningin til 26.janúar. Verið er að vinna úr athugasemdum og ábendingum. Stefnt er að því að ljúka deiliskipulagsvinnu á þessu ári en til verksins hafa verið fengnar þrjár ráðgjafstofur þ.e Arkþing, ASK arkitektar og Arkís og Landslag.

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar hefur séð um gerð samstarfssamnings við hagsmunaaðila á svæðinu en yfirstjórn verkefnisins er í höndum stýrihóps sem skipaður er fulltrúum frá SEA, skipulagsfulltrúa, Klasa og Heild fasteignafélags.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi